

Raftækjaverslun Júlíusar Björnssonar.

Við höfum, nú sem áður, sjeð viðskiftavinum okkar fyrir heppilegum og nytsömum hlutum til jólagjafa.

Höfum ýmsar nýjungar, sem eru að koma á Evrópumarkaðinn, og við flytjum fyrstir hingað til landsins.

Borðlampi með vönduðum spegli og rafhituðum holla til þess að hita rakvatn - alt vandlega krómhúðað - er gjöf sem hverjum karlmanni þykir betra að hafa en missa.

Borðlampi með klukku, sem gengur fyrir rafmagni er líka eiginlegur hlutur.

Þá höfum við nokkur hundruð af litlum borðlömpum - ný gerð - með kúpli, sem ekki getur brotnað. Þessir borðlampar eru skinandi fallegir og heppilegri jólagjöf en flest annað.

Ljósakrónur, gólfampar, borðlampar, straujárn, perur og þessháttar -- ja, það er á allra vitorði, að af þessu höfum við altaf miklar og góðar birgðir, svo þess þarf ekki annarsstaðar að leita.

Við sýnum vörur okkar í dag.

Sími 3837.

Veidarfæri í heildsölu.

Útgerðarfjölög, Útgerðarmenn og skipstjórar.

- Að gefnu tilefni bið jeg yður, sjálfra yðar vegna að:
1. rannsaka hvort þeir ÖNGULTAUMAR, sem aðrir bjóða yður, hafa SÖMU ÞYNGD og tilgreind er í heilsíðu-auglýsingu minni í Morgunblaðinu 31. okt. þ. á. (og í verðlista þeim, sem jeg hefi nýskeyt sent út um alt land og sem hver sem vill, getur fengið á skrifstofu minni) — nefnilega:
3/4—20" ca. 1880 gröm þúsundið
4/4—20" — 1400 —
 2. athuga, að verðið á fiskilínunum sem jeg tilgreindi í nefndri auglýsingu, var (eins og auglýsingin ber með sjer) miðað við háan þáttafjölda, t. d. 5 lbs. fiskilínur með 30 þáttum, sem kosta ísl. kr. 78.20 (komið í hús til yðar).
 3. taka eftir, að sama lína ((5 lbs.) kostar:
ísl. kr. 76.80, komið í hús til yðar, ef menn gera sig ánægða með aðeins 27 þátta.
ísl. kr. 75.50, komið í hús til yðar, ef menn gera sig ánægða með aðeins 24 þátta.

Reykjavík, 6. des. 1934.

O. ELLINGSEN

Hattaverslun Margrjetar Leví.

Nýtisku hattar, margt nytsamlegt og smekklegt til jólagjafa.

Verð við allra hæfi.

Sjötugsafmæli.



Sigríður Pálsdóttir.

Í dag á ekkjufrú Sigríður Pálsdóttir, Smáragötu 4, sjötugsafmæli: Hún er fædd 9. desember 1864 að Þingskála að Rangárvöllum, dóttir Páls hreppstjóra og bónda þar, síðar að Selalek, Guðmundssonar frá Keldum. Er sú ætt alkunnug.

Árið 1885 giftist Sigríður Tómasi Eyvindssyni og bjuggu þau fyrst nokkur ár austan fjalls, í Rangárvalla- og Árnessýslu, en fluttust hingað til Reykjavíkur laust fyrir aldamótin. Eftir fá ár settust þau að í Skothúsinu og átti Sigríður þar heima í 26 ár. Tómas mann sinn misti hún árið 1916. Eignuðust þau níu börn og eru sex þeirra á lífi. Magnús Kjaran, stórkaupmaður; Ingvar Kjaran, skipstjóri; Puriður

Kjaran, verslunarstúlka; Arnbjörg Kjaran, verslunarstúlka; Bjarnís gift Gísla Ólafssyni gjaldkera Rafveitunnar og Auðbjörg gift Kristjáni L. Gestssyni verslunarstjóra. Eitt barna þeirra Sigríðar og Tómasar, Puriður, dó í æsku. Páll sonur þeirra, sjómaður, druknaði 1911 og annar sonur þeirra, Eyþór stýrimaður, ljest 1919.

Óhikað fullyrði jeg það, að Sigríður telur sig hafa verið lánsama konu. En segja má samt, að Sigríður hefir reynt miklar sorgir um ævina, þar sem ástvinamissirinn var, en hún hefir borið þetta með þeim kjarki, sem einkennir trúað fólk og þá, sem sannfærðir eru um að hitta ástvinu sína aftur handan við gróf og dauða.

Sigríður var ástrik eiginkona og manni, sínum samhent, meðan hans naut við.

Hún er og einkar kær börnum sínum og tengdabörnum, sem öll elska hana og virða.

Sigríður hefir, eins og svo margar aðrar íslenskar konur, þurft að heyja harða lífsbaráttu. En hún hefir verið góðum mannkostum gædd og átt því láni að fagna, að búa við góða heilsu og eiga bjarta og blíða, en þó óvenju þróttmikla lund.

Hún hefir alla ævi verið mjög áhugasöm um dagskrármál þjóðarinnar og hefir mikinn og lifandi áhuga fyrir stjórnmálum. Hún

er mjög fróðleiksfús og óvenju vel lesin og mun það ekki vera margar ísl. bækur, sem hún hefir ekki lesið.

Sigríður er einkar lífsglöð kona, enda er hún bæði vinmörg og vinföst og munu þeir nú margir vera, sem í dag senda þessari sámdarkonu sínar bestu árnaðaróskir.

Vinur.

Happdrætti Háskólans. Á morgun og þriðjudag fer fram seinasti dráttur á þessu ári. Verða þá dregnir út 2000 seðlar, og er nú um hestu vinningana að tefla, 50.000 krónur, 25.000 krónur, 20.000 krónur, 10.000 krónur, tvo drætti á 5000 krónur hvorn, 5 drætti á 2000 krónur og 50 drætti á 1000 krónur. Fá nú einhverjir kærkomna peninga fyrir jólin.

Skemtun hefir Sigvaldi Indriðason gamanvísnaðingvari frá Skarði í K. R.-húsinu í dag kl. 5. Kveður hann þar ýmsar vísur, svo sem Eldhúsdagsvísur og fleiri, segir sögur og bregður sjer í ham ýmsra. Annar Dalamaður, Jónatan í Gálutröð, leikur undir á hljóðfæri, sem hjer er óþekt. — Mun margur brosa að því, sem þarna verður til skemtunar.

Prentarafjelagið heldur fund í dag í K. R.-húsinu uppi.

K. F. U. M. og K., Hafnarfirði. Almenn samkoma í kvöld kl. 8½. Síra Sigurður Pálsson, Hraungerði talar. Allir velkomnir.